



FJARÐABYGGÐ

FRAMKVÆMDASVIÐ

Yfirborðsmerkingar gatna í Fjarðabyggð

Útboðsgögn

Maí 2015

FRAMKVÆMDASVIÐ FJARÐABYGGÐAR

Hafnargata 2 – 730 Fjarðabyggð – Sími 470 9000 – Netfang, fjarðabyggd@fjardabygg.is – Kt. 470998 2099 – www.fjardabygg.is



Yfirlit

0.1	Útboð	3
0.1.1	Verðkönnun	3
0.1.2	Útboðsform - Útboðsyfirlit	3
0.1.3	Kröfur til bjóðenda	3
0.1.4	Lauslegt yfirlit yfir verkið	3
0.1.5	Verkefnisyfirferð	3
0.1.6	Verksamningur	4
0.1.7	Samningstími	4
0.2	Eftirlit verkkaupa	4
0.3	ÚTBOÐSGÖGN – LÖG – REGLUGERÐIR – STAÐLAR	4
0.3.1	Útboðsgögn	4
0.3.2	Skýringar á útboðsgögnum	4
0.3.3	Lög, reglugerðir og leiðbeiningar	4
0.4	TILBOÐ	5
0.4.1	Gerð og frágangur tilboðs	5
0.4.2	Fylgigögn með tilboði	5
0.4.3	Auðkenni tilboðs	5
0.4.4	Tilboðstrygging, gildistími tilboðs	5
0.4.5	Opnun tilboða	5
0.4.6	Meðferð og mat á tilboðum	6
0.4.7	Póknun fyrir gerð tilboðs	6
0.5	GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR	6
0.5.1	Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir	6
0.5.2	Efni, tæki og búnaður sem verkkaupi leggur til	6
0.5.3	Magntölur	6
0.5.4	Greiðslur og reikningsskil	6
0.5.5	Verðlagsgrundvöllur	6
0.6	ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL	7
0.6.1	Ábyrgðir – tryggingar - ágreiningsmál	7
0.7	Gæði verksins	7
0.7.1	Uppdrættir	7
0.8	VIÐAUKAR	7
VERKLÝSING		8
1.1	Almenn atriði	8
1.1.0	Almennt	8
1.1.1	Verktími	8



Yfirborðsmerkingar gatna

FJARÐABYGGÐ

1.1.2	Gögn.....	8
1.1.3	Magntölur.....	8
1.1.4	Efnisgæði.....	8
1.2	Yfirborðsmerking	9
1.2.1	Stakar merkingar.....	9
TILBOÐSBLAÐ		10



ÚTBOÐS- OG VERKSKILMÁLAR

0.1 Útboð

0.1.1 Verðkönnun

Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar óskar eftir tilboðum í yfirborðsmerkingar gatna í Fjarðabyggð.

0.1.2 Útboðsform - Útboðsyfirlit

ÚTBOÐSYFIRLIT

• Opnunartími tilboða	18. maí 2015 kl. 11:00	
• Upphaf samningstíma	1. júní 2015	Sjá nánar kafla 0.1.6
• Lok samningstíma	31. júlí 2015	Sjá nánar kafla 0.1.7
• Opnunarstaður tilboða	Bæjarskrifstofur Fjarðabyggðar Hafnargötu 2 Reyðarfirði	

0.1.3 Kröfur til bjóðenda

Þeir bjóðendur sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álita sem viðsemjendur skulu standa skil á opinberum gjöldum og lífeyrisgreiðslum, séu ekki í nauðasamningum eða gjaldþrotaskiptum.

Bjóðendum verður vísað frá ef fram koma eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum:

- Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld.
- Bjóðandi er í vanskilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld og iðgjöld til lífeyrissjóðs og stéttarfélaga vegna starfsmanna sinna, þ.m.t. stéttarfélagsgjöld og sjúkra- og orlofssjóðsgjöld.
- Ársreikningur bjóðanda sýnir neikvætt eigið fé.
- Bjóðandi er í nauðasamningum eða gjaldþrotaskiptum.
- Bjóðandi hefur ekki tæknilega, faglega eða fjárhagslega getu til að framkvæma verkið að mati verkkaupa.

0.1.4 Lauslegt yfirlit yfir verkið

Verk þetta tekur til málunar á yfirborðsmerkingum gatna í Fjarðabyggð.

Nánar er um að ræða málun gangbrauta (sebra), þríhyrninga við biðskýldur, stefnuörva við gatnamót og bifreiðastæða. Einnig eru innifaldar ýmsar aðrar merkingar.

Athygli skal vakin á því að til að heimilt sé að gera frávíkstilboð verður líka að gera tilboð samkvæmt verklýsingu.

0.1.5 Verkefnisyfirferð

Verktakinn skal taka þátt í verkefnisyfirferð fyrir hvern verkáfangi eins og henni er hér lýst.

Verkefnisyfirferðin skal fara fram eftir að verktaki hefur móttengið framkvæmdagögn frá verkkaupa og áður en verk hefst. Þátttakendur í yfirferðinni eru verktaki og eftirlitsmaður verkkaupa.

Verkefnisyfirferð má endurtaka síðar fyrir einstaka verkliði eftir samkomulagi við verktaka.



0.1.6 Verksamningur

Þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka telst kominn á samningur um verkið.

Gera skal skriflegan samning um verkið og er verksamningsformið að finna á eyðublaði "E - 01" sem fylgir með útboðs- og samningsskilmálum þessum.

0.1.7 Samningstími

Samningstími hefst við undirritun og lýkur 31. júlí 2015. Heimilt verður að framlengja samninginn til 2017 sé það vilji beggja aðila.

0.2 Eftirlit verkkaupa

Eftirlitsaðilar verða eigna- og framkvæmdafulltrúi auk verkstjóra þjónustumiðstöðva Fjarðabyggðar í hverjum bæjarkjarna og skal verktaki hafa samband við þá áður en byrjað er að merkja.

0.3 ÚTBOÐSGÖGN – LÖG – REGLUGERÐIR – STAÐLAR

0.3.1 Útboðsgögn

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast:

- Útboðs- og verkskilmálar þessir, dagsettir 04. maí 2015.
- Verksamningur.
- Tilboðsblað.
- Tilboðsskrá

0.3.2 Skýringar á útboðsgögnum

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda Fjarðabyggð fyrirspurn eigi síðar en þann dag sem getið er um í kafla "0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit". Fyrirspurnin skal merkt: "Yfirborðsmerkingar gatna í Fjarðabyggð" og send með tölvupósti á netfangið fjardabyggd@fjardabyggd.is

0.3.3 Lög, reglugerðir og leiðbeiningar

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og leiðbeininga sem eiga við þessa framkvæmd. Má í því sambandi nefna eftirfarandi, eftir því sem við á:

- Umferðarlög nr. 50/1987.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Lögreglusamþykkt fyrir Fjarðabyggð nr. 325/1999.
- Reglur og leiðbeiningar Vinnueftirlits ríkisins.
- Reglur Löggildingarstofu.
- Umferðasamþykkt Fjarðabyggðar



0.4 TILBOÐ

0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs

Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðseyðublaði og ber að fylla það út eins og texti segir til um. Bjóðendur skulu gera tilboð í verkið á þeim grundvelli að útboðsgögnum sé ætlað að ná til alls verksins sem upp er talið í verklýsingunni. Fylla skal út tilboðsskrá að fullu eins og texti segir til um og skila henni með tilboðsblaði.

Í hverjum einstökum lið skal vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði o.s.frv. Ef samlagningarskekkjur finnast í útfylltri tilboðsskrá, skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs. Aðeins einingaverð eru bindandi.

Virðisaukaskattur skal vera innifalinn í tilboðsverðum.

Einungis þeim verktökum sem fyllt hafa út tilboðsskrá og tilboðseyðublað samkvæmt útboðsgögnum er heimilt að leggja fram frávíkstilboð. Skal það skýrt sett fram svo verkkaupi geti tekið afstöðu til þess og borið saman við tilboð samkv. útboðsgögnum án frekari skýringa.

Tilboð skal vera undirritað af aðilum, sem hafa heimild til að skuldbinda fyrirtæki bjóðanda. Útfyllt tilboðsskrá er trúnaðarmál milli verkkaupa og bjóðanda.

0.4.2 Fylgigögn með tilboði

Bjóðendur skulu skila inn útfylltri tilboðsskrá og tilboðsblaði.

0.4.3 Auðkenni tilboðs

Tilboði skal skila í lokuðu umslagi, greinilega merktu bjóðanda, ásamt viðkomandi útboði.

YFIRBORÐSMERKINGAR GATNA Í FJARÐABYGGÐ 2015.

Nafn bjóðanda:

Heimilisfang bjóðanda:

Póstfang bjóðanda:

0.4.4 Tilboðstrygging, gildistími tilboðs

Verkkaupi fer ekki fram á tilboðstryggingu. Frestur til að taka tilboði er 2 vikur frá opnunardegi.

0.4.5 Opnun tilboða

Tilboði skal skila til framkvæmdasviðs Fjarðabyggðar, 2. hæð, Hafnagötu 2, Reyðarfirði, eigi síðar en mánudaginn 18. maí kl 11:00 og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, eða fulltrúum þeirra, sem mættir verða.



0.4.6 Meðferð og mat á tilboðum

Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum.

Ef reiknivillur eru eða ósamræmi er í tilboði ræður einingarverð í tilboðsskrá og skal tilboð leiðrétt með tilliti til þess.

0.4.7 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

0.5 GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir

Verkkaupi greiðir eftirtalin gjöld, eftir því sem við á:

- Útboðsgögn.
- Kostnað við eftirlit verkkaupa.
- Stjórnunarkostnað verkkaupa.

0.5.2 Efni, tæki og búnaður sem verkkaupi leggur til

Verkkaupi leggur ekki til neitt efni vegna verksins.

0.5.3 Magntölur

Allar magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar út frá reynslutölum fyrri ára og geta breyst.

Greitt verður fyrir uppmælt magn samkvæmt einingarverðum

Samningsaðilar geta hvorki sett fram kröfur um breytt einingarverð né aðrar kröfur, vegna breytinga á magntölum, nema frávik frá áætluðum magntölum leiði til þess að heildargreiðsla fyrir samningsverkið sé meira en **30%** hærri eða lægri en heildarsamningsupphæð.

Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur, þótt magn einstakra verkliða aukist eða minnki eða falli jafnvel brott.

0.5.4 Greiðslur og reikningsskil

Í tilboði skal vera innifalinn allur lög- og samningsbundinn kostnaður sem fylgir því að hafa menn í vinnu, selja vinnu þeirra, tryggingar og það efni sem til verksins þarf annað en það sem verkkaupi leggur til, svo og allur kostnaður við ferðir og uppihald starfsmanna, yfirstjórn, ágóði o.s.frv. Undir þessi ákvæði fellur einnig virðisaukaskattur og annar kostnaður, þótt ótalinn sé hér að ofan.

Greiðslur fyrir verkið fara fram eftir á, samkvæmt reikningi sem eftirlitsmaður og verkkaupi hafa samþykkt. Reikningar greiðast eigi síðar en 2 vikum eftir áritun verkkaupa.

Ef verktaki hefur ekki skrifað undir verksamning er heimilt að neita greiðslu reiknings þangað til verksamningur hefur verið undirritaður af honum.

0.5.5 Verðlagsgrundvöllur

Tilboðsverð fyrir árið 2015 gilda allt það ár og verða engar verðbreytingar á þeim tíma teknar til greina.



0.6 ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL

0.6.1 Ábyrgðir – tryggingar - ágreiningsmál

Meðan á verkinu stendur, skal verktaki á sinn kostnað hafa vélar eins hátt vátryggðar gegn eldsvoða og öðru tjóni og verðgildi þeirra er á hverjum tíma. Verktaki ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins. Ennfremur ber hann ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila meðan á framkvæmdum stendur. Auk þess skal verktaki annast og kosta slysaftryggingu starfsmanna sinna sem og önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld, sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu.

Verði ágreiningur milli verkkaupa og verktaka um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið samkvæmt fyrirmælum eftirlitsaðila verkkaupa.

Ef eftirlitsaðila og verktaka tekst ekki að ná samkomulagi um ágreininginn skulu haldnir a.m.k. tveir sáttafundir þar sem forsvarsaðili eftirlitsaðila og framkvæmdastjóri verktakans gera tilraun til að ná samkomulagi. Takist aðilum ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu á þessum fundum skal vísa ágreiningnum til Héraðsdóms Austurlands.

0.7 Gæði verksins

Öll vinna og allur frágangur verksins skal vera í samræmi við kröfur útboðsgagna og vönduð og fagmannlega af hendi leyst, í samræmi við fyrirsögn um vinnubrögð, góðar fagvenjur, faghefðir og metnað.

Starfsmenn verktaka við verkið skulu hafa reynslu og full réttindi þar sem þess er þörf. Verktaki skal bæta að fullu allar skemmdir er hann kann að valda við framkvæmd verksins. Óháð eftirliti verkkaupa ber verktaki fulla ábyrgð á allri vinnu.

0.7.1 Uppdrættir

Verktaki fær til afnota uppdrætti og verklýsingu, sem þarf til að framkvæma verkið.

Ósamræmi, sem fram kann að koma milli uppdrátta og lýsingar, skal verktaki tilkynna eftirlitsmanni strax og hann verður þess var.

0.8 VIÐAUKAR

Eftirtaldir viðaukar fylgja útboði þessu:

Viðauki I, Verklýsing.



VERKLÝSING

1.1 Almenn atriði

1.1.0 Almennt

Verktaki skal sópa alla fleti vandlega áður en þeir eru merktir og girða þá af með umferðarkeilum meðan þornun fer fram.

Verktaki skal ábyrgjast faglega framkvæmd verksins og bera sjálfur alla ábyrgð og kostnað af óhöppum sem kunna að verða.

1.1.1 Verktími

Verkið má hefja 1. júní og skal vera lokið fyrir 31. júlí og vinnast þannig að sem minnst truflun verði á umferð. Ekki verður heimilt að loka nema hálfri breidd götu vegna merkinga, en ef sú staða kemur upp að það sé talið óhjákvæmilegt að loka götu alveg skal hafa um það fullt samráð við verkkaupa og lögreglu.

Verksali má ekki merkja nema veður sé þurr og hitastig 5° C eða hærra.

1.1.2 Gögn

Fylgja skal heftinu „Handbók um yfirborðsmerkingar“ útg. af Vegagerðinni/Gatnamálastofu í Reykjavík, dags. 1. janúar 2006, við gerð og stærðir á línunum og stökum merkingum.

1.1.3 Magntölur

Við upphaf verks og fyrir verkefnisyfirferð leggur verkkaupi fram lista og/eða uppdrætti yfir þær merkingar sem meginhluti verksins nær til, ásamt forgangsörð þeirra.

Verktaki skal færa inn á listana magntölur merkinga á hverjum stað og hafa þá sem fylgiskjal reikninga þegar þeir eru lagðir fram. Mælingar þær sem þörf er á vegna merkinganna skal verktaki annast.

1.1.4 Efnisgæði

Aðeins skal notuð viðurkennd umferðarmálning til verksins. Málning skal koma tillöguð frá verksmiðju og notast óþynnt. Þykkt málningarhulu skal vera það mikil að hún hylji götuyfirborð alveg og að jafnaði aldrei þynnri en svo að 1 lítri þeki 3,5 m².

Með tilboði skulu fylgja upplýsingar um framleiðanda og efnisgæði á málningu, sem verktaki hyggst nota við verkið.



1.2 Yfirborðsmerking

1.2.1 Stakar merkingar

Allur frágangur verktaka skal vera snyrtilegur, línur beinar og samsíða eða hornrétt á götu eftir því sem við á. Sebrar og örvar skulu vera samsíða akstursstefnu.

Þar sem eldri merkingar eru sýnilegar skal verktaki gæta þess að nýjar merkingar falli ofan í þær eldri nema þær uppfylli ekki framangreind skilyrði og/eða verkkaupi óski eftir breytingu. Máli verktaki ekki rétt skal hann má burt merkinguna og merkja upp á nýtt á sinn kostnað.

Greiðsluskilmálar:

Magneining er ýmist, stk., m eða m².

Innifalið í verði skal vera allur kostnaður vegna ferða, vinnu og uppihalds verksala, efniskostnaður, allar tryggingar, skattar og hver annar kostnaður sem verkinu tilheyrir.

**Tilboðsblað****Yfirborðsmerkingar gatna í Fjarðabyggð.**

Ég undirritaður geri hér með eftirfarandi tilboð í framangreint verk:

Tilboðið er gert samkvæmt útboðs- og verklýsingu dags. í maí 2015 og er innifalið í einingarverðum öll vinna, efni og áhöld, akstur, tryggingar, launatengd gjöld, VSK og hver sá annar kostnaður er framkvæmd verksins tilheyrir.

Tilboðið sundurliðast þannig:

1. Biðskylduþríhyrningar, 50x60cm	kr.	_____
2. Gangbrautarzebrar 3,0x0,5m	kr.	_____
3. Stöðvunarskylda 3,0x0,5m	kr.	_____
4. Markalínur bifreiðastæða, b=10 cm	kr.	_____
5. Sérmerking lína v. bið- og stöðvunarskildu.	kr.	_____
6. Sérmerking lína 2.m stk.	kr.	_____
7. Hraðahindrunarmerking, 0,5x7m	kr.	_____
8. Örvar 0,5x4m	kr.	_____

Heildartilboð kr. _____

Heildartilboð í bókstöfum: _____

Staður og dagsetning

Nafn og kennitala bjóðanda

Heimilisfang

Sími



YFIRBORÐSMERKINGAR GATNA Í FJARÐABYGGÐ 2015

1	Biðskyldupríhyrningar, 50x60cm	782	Stk á	kr/stk
2	Gangbrautarzebrar 3,0x0,5m	641	Stk á	kr/stk
3	Stöðvunarskylda 3,0x0,5m	10	Stk á	kr/stk
4	Markalínur bifreiðastæða, b=10 cm	3114	m á	kr/m
5	Sérmerking lína v. bið og stöðvunarsk.	1909	m á	kr/m
6	Sérmerking lína 2.m stk.	129	Stk á	kr/stk
7	Hraðahindrunarmerking, 0,5x7m	67	Stk á	kr/stk
8	Örvar	4	Stk á	kr/stk
Samtals				